

100 ára fullveldi Íslands

viðburðadagskrá í Þingeyjarsýslu 2018

Borgarhólsskóli

Húsavík, 1. desember
Kl. 12:00 - 14:00

Dagana 28.-30. nóvember eru þemadagar í Borgarhólsskóla. Þeim lýkur með uppskeruhátíð laugardaginn 1. desember á 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Á þemadögnum vinna nemendur með 100 ára sögu Íslands á ýmsa vegu. Á laugardeginum mæta nemendur í skólann til að undirbúa sýningu sem verður öllum opin síðar um daginn. Boðið verður upp á þjóðlegar veitingar og bakkelsi.

Kvennakór

Hátíðardagskrá 1. desember
Húsavíkurkirkja
kl. 17:00

Flutt verða íslensk ættjarðarlög við ljóð þjóðskálda okkar sem ruddu braut þjóðarinnar í átt að sjálfstæði Íslands. Hátíðarræðu flytur Kolbrún Ada Gunnarsdóttir.

Stjórnandi kórsins er Hólmfríður Benediktsdóttir
Píanóleikari er Steinunn Halldórsdóttir.

Húsavík

Sunnudaginn 2. desember
Kl. 17:00

Verða ljósín tendrað á jólatrénu á Húsavík sungið og dansað í kringum það.

Ávörp og hugvekja, söngur og skemmtun. Soroptimistakonur verða með heitt kakó til sölu.

Jólamarkaður Völsungs kl. 11:00 - 15:00 í sal Borgarhólsskóla.

Sveitarfélögin í Þingeyjarsýslu senda íslendingum nær og fjær hátíðarkveðju í tilefni 100 ára fullveldis Íslands

Mývatnssveit

Sunnudaginn 2. desember
Dimmuborgir / Jarðböðin
Kl. 11:00 / 14:00

Sérstök barnadagskrá í Mývatnssveit í tilefni fullveldisafmælisins í boði Skútustaðahrepps, Mývatnsstofu og Jarðbaðanna. Jólaveinar taka á móti börnum í Dimmuborgum frá kl. 11.00. Frá kl. 14:00 til 15:00 ætlar svo DJ Hennri að koma okkur í jólaskapið þennan fyrsta sunnudag í aðventu og halda fjölskylduteiti í Jarðböðunum við Mývatn. Ókeypis verður Jarðböðin fyrir 12 ára og yngri, unglingar 13-15 ára greiða 1.000 kr. og fullorðnir 3.000 kr.

Laugar

30 ára afmæli Framhaldsskólans á Laugum 1. desember
Íþróttahúsið á Laugum
Kl. 14:00

Nemendur Þingeyjarskóla, Stórutjarnarskóla, Reykjahlíðarskóla og Laugaskóla troða upp ásamt öðrum skemmtiatriðum.

Söngskemmtun

Eftir dagskrána býður Laugaskóli viðstöddum í afmælskaffi í Gamla skóla og frá 16:00 verður ókeypis í sundlaugina á Laugum í boði Þingeyjarsveitar

Kópasker

Sunnudaginn 2. desember
Jólatré / Íþróttahús / Skólahúsið
Kl. 14:00 / 14:10 / 17:00

14:00 Ljósín tendruð á jólatrénu á Kópaskeri, sungið og dansað í kringum það
14:20 Dagskrá í íþróttahúsinu á Kópaskeri
Kaffiveitingar í boði Kvenfélagsins Stjörnunnar á Kópaskeri
Lifandi tónlist/afþreying úr héraði
Nemendur úr unglingsdeild Öxarfjarðarskóla verða með fjárlöflun
17:00 Aðventustund við flygilinn í Skólahúsinu

Raufarhöfn

Mánudagur 3. desember
Félagsheimilið Hnitbjörg
Kl. 17:30

Nemendur grunnskóla Raufarhafnar sýna stutta leikþætti og rifja upp fullveldisárið 1918.
Leikskólabörnin taka lagið og segja nokkur orð.
Kaffiveitingar í boði Norðurbings.
Söngskemmtun.
Samkomu slitið og farið út að jólatrénu í Vogsholti, þar mun Ziggy Andersen nemandi við skólann tendra á trénu.

Annað sem er í gangi þessa helgi á Raufarhöfn er: Jólahláðborð í Kaupfélaginu laugardaginn 1. des, Bjarni Ómar og Halldór Þórólfsson úr hljómsveitinni
Kokkteil verða í dúndurstuði á Félaganum laugardagskvöldið 1. desember og jólamarkaður sunnudaginn 2. des frá 13:00 til 17:00 líka í Kaupfélaginu